# Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf.

## Ársreikningur 2024

Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 471119-0910

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Áritun endurskoðenda | 5 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Eiginfjáryfirlit | 8 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 9 |
| Skýringar | 10 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveituna). Lögbundið hlutverk Orkuveitunnar er að stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig hafa Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög með höndum starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. geymslu koldíoxíðs og annarra vatnsleysanlegra gastegunda í jörðu. Félagið er í 99,9% eigu Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf. sem eru alfarið í eigu Orkuveitunnar, og Háskóla Íslands, sem á 0,1% í félaginu.

Tilgangur Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. er að halda utan um hugverkaréttindi að baki Carbfix tækninni en í dótturfélaginu Carbfix hf. er rekstur og framtíðaruppbygging á starfsemi Carbfix tækninnar. Carbfix tæknin spornar gegn loftslagsvánni með frekari þróun og útbreiðslu kolefnisförgunar í bergi.

Samkvæmt samþykktum félagsins skal stjórn félagsins skipuð þrem til fimm einstaklingum. Skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% meðal aðal- og varamanna og skulu hlutföllin í stjórn í heild vera sem jöfnust.

Í stjórn Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. í árslok 2024 voru:

- Elín Björg Smáradóttir, yfirlögfræðingur Orkuveitunnar, formaður.
- Hafliði Kristján Lárusson, lögmaður
- Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdarstjóri fjármála Orkuveitunnar.

Framkvæmdastjóri er Sævar Freyr Þráinsson, viðskiptafræðingur.

## Fjárhagslegar niðurstöður

Tap af rekstri Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. á árinu 2024 nam 1.302,6 milljónum kr. (2023: tap 171,1 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 361,6 milljónum króna (31.12.2023: 998 milljónir kr.). Eigið fé nam -554,5 milljónum kr. í árslok (31.12.2023: 735,4 milljónir kr.) og var eiginfjárhlutfall félagsins -153,3% (31.12.2023: 74,4%).

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2024 er 0 (2023: 0 ársverk).

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til eiganda á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024. Vísað er að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

## Árangur og óvissuþættir

Í skýrslu stjórnar í ársreikningi samstæðu Orkuveitunnar 2024 er fjallað um árangur, óvissuþætti, stjórnarhætti og önnur ófjárhagsleg málefni Eignarhaldsfélsins Carbfix ohf., sbr. d-lið 66 gr. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samstæðureikningurinn er nú gerður með hliðsjón af væntanlegum breytingum á lögum um ársreikninga, þ.e. innleiðingu tilskipunar ESB 2022/2464 um sjálfbærnireikningsskil (Corporate Sustainable Reporting Directive – CSRD).

Hvað varðar árangur og óvissuþætti og stjórnarhætti vísast í viðfestan ársreikning Orkuveitunnar 2024.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024.

Reykjavík, 5. mars 2025

Í stjórn félagsins:

*Elín Smáradóttir*
*Hafliði Kristján Lárusson*
*Snorri Hafsteinn Þorkelsson*

Framkvæmdastjóri:

*Sævar Freyr Þráinsson*

# Áritun óendurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. fyrir árið 2024 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðiþekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða félagið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 5. mars 2025

*Davíð Arnar Einarsson*
Löggildur endurskoðandi

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**

# Rekstrarreikningur 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 4 | 12 |
| **Rekstrartekjur samtals** | | 4 | 12 |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | ( 1.519) | ( 2.292) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 78.251) | ( 93.342) |
| **Rekstrarkostnaður samtals** | | ( 79.769) | ( 95.634) |
| **Rekstrartap fyrir afskriftir (EBITDA)** | | ( 79.765) | ( 95.623) |
| Afskriftir | 8 | ( 6.920) | ( 6.321) |
| **Rekstrartap (EBIT)** | | ( 86.685) | ( 101.944) |
| Vaxtatekjur | | 2.634 | 904 |
| Vaxtagjöld | | ( 36.032) | ( 16.242) |
| Gengismunur | | 300 | ( 1.822) |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals** | | ( 33.099) | ( 17.161) |
| Áhrif dótturfélaga | | ( 1.206.276) | ( 332.708) |
| **Tap fyrir tekjuskatt** | | ( 1.326.061) | ( 451.813) |
| Tekjuskattur | 5 | 23.510 | 75.326 |
| **Tap af áframhaldandi starfsemi ársins** | | ( 1.302.551) | ( 376.486) |
| Hagnaður af aflagðri starfsemi að frádregnum tekjuskatti | 6 | 0 | 205.418 |
| **Tap ársins** | | ( 1.302.551) | ( 171.069) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| | Skýr. | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | 8 | 125.599 | 74.638 |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | 9 | 0 | 706.315 |
| Tekjuskattseign | 10 | 18.496 | 10.220 |
| Fastafjármunir samtals | | 144.095 | 791.174 |
| Viðskiptakröfur | 11 | 3.974 | 4.156 |
| Seljendalán | | 130.134 | 130.134 |
| Skammtímakröfur á tengda aðila | 13 | 74.763 | 59.529 |
| Aðrar skammtímakröfur | 11 | 5.819 | 2.371 |
| Handbært fé | 12 | 2.851 | 605 |
| Veltufjármunir samtals | | 217.541 | 196.794 |
| **Eignir samtals** | | 361.636 | 987.968 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.014.000 | 1.014.000 |
| Bundið eigið fé vegna þróunarkostnaðar | | 30.654 | 35.710 |
| Þýðingarmunur | | 3.154 | ( 9.582) |
| Lögbundinn varasjóður | | 180 | 180 |
| Ójafnað eigið fé | | ( 1.602.450) | ( 304.956) |
| **Eigið fé samtals** | | ( 554.463) | 735.353 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldbinding vegna eignarhluta í dótturfélögum | | 487.226 | 0 |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals | | 487.226 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.231 | 15.051 |
| Skammtímaskuldir við tengd félög | 13 | 427.642 | 237.210 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 0 | 355 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 428.873 | 252.615 |
| **Skuldir samtals** | | 916.099 | 252.615 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 361.636 | 987.968 |

# Eiginfjáryfirlit 2024

| Árið 2024 | Hlutafé | Bundið eigið fé v. þróunar | Lögbundinn varasjóður | Þýðingar-munur | Ójafnað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2024 .................... | 1.014.000 | 35.710 | 180 | ( 9.582) | ( 304.956) | 735.353 |
| Þýðingarmunur ............................... | | | | 12.735 | | 12.735 |
| Innleyst bundið eigið fé .................. | | ( 6.321) | | | 6.321 | 0 |
| Tekjuskattsáhrif af bundnu eigin fé . | | 1.264 | | | ( 1.264) | 0 |
| Tap ársins ...................................... | | | | | ( 1.302.551) | ( 1.302.551) |
| Eigið fé 31. desember 2024 ............ | 1.014.000 | 30.654 | 180 | 3.154 | ( 1.602.450) | ( 554.463) |

| Árið 2023 | Hlutafé | Bundið eigið fé v. þróunar | Lögbundinn varasjóður | Þýðingar-munur | Ójafnað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2023 .................... | 1.014.000 | 111.278 | 180 | 341 | ( 209.454) | 916.344 |
| Þýðingarmunur ............................... | | | | ( 9.922) | | ( 9.922) |
| Fært á bundið eigið fé ..................... | | ( 88.138) | | | 88.138 | 0 |
| Tekjuskattsáhrif af bundnu eigin fé . | | 17.628 | | | ( 17.628) | 0 |
| Innleyst bundið eigið fé .................. | | ( 6.321) | | | 6.321 | 0 |
| Tekjuskattsáhrif af bundnu fé .......... | | 1.264 | | | ( 1.264) | 0 |
| Tap ársins ...................................... | | | | | ( 171.069) | ( 171.069) |
| Eigið fé 31. desember 2023 ............ | 1.014.000 | 35.710 | 180 | ( 9.582) | ( 304.956) | 735.353 |

# Sjóðstreymisyfirlit 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tap ársins | | ( 1.302.551) | ( 171.069) |
| Leiðrétt fyrir: | | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 33.099 | 17.161 |
| Áhrif dótturfélaga | | 1.206.276 | 332.708 |
| Tekjuskattur | 5 | ( 23.510) | ( 75.326) |
| Afskriftir | 8 | 6.920 | 6.321 |
| Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta | | 0 | ( 205.418) |
| Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta | | ( 79.765) | ( 95.623) |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 3.267) | 157.618 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) | | ( 8.234) | ( 319.776) |
| Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta | | ( 91.266) | ( 257.781) |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 2.634 | 904 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 36.032) | ( 16.242) |
| Handbært fé til rekstrar | | ( 124.665) | ( 273.119) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | ( 57.881) | 0 |
| Staða við aðra tengda aðila, breyting | | 190.432 | 239.711 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 132.551 | 239.711 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 7.887 | ( 33.407) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 605 | 34.716 |
| **Gengismunur af handbæru fé** | | ( 5.640) | ( 704) |
| **Handbært fé í árslok** | | 2.851 | 605 |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa** | | | |
| Verk í vinnslu | | 0 | 416.817 |
| Aðrar skammtímakröfur og -skuldir | | 0 | ( 56.027) |
| Seldir varanlegir rekstarfjármunir og óefnislegar eignir | | 0 | 984.944 |
| Fjárfest í dótturfélögum | | 0 | ( 1.045.229) |
| Seldir eignarhlutir í dótturfélögum | | 0 | 3.405 |
| Staða við tengda aðila, breyting | | 0 | ( 173.777) |
| Seljendalán | | 0 | ( 130.134) |
| **Aðrar upplýsingar** | | | |
| Veltufé til rekstrar | | ( 91.990) | ( 58.708) |
| Veltufé til rekstrar greinist þannig: | | | |
| Tap ársins | | ( 1.302.551) | ( 171.069) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 6.920 | 6.321 |
| Gengismunur af handbæru fé | | 5.640 | 704 |
| Tekjuskattseign | | ( 8.276) | 33.867 |
| Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta | | 0 | ( 261.239) |
| Áhrif dótturfélaga | | 1.206.276 | 332.708 |
| Veltufé til rekstrar | | ( 91.990) | ( 58.708) |

# Skýringar

## 1. Félagið

Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er í 99,9% eigu Orkuveitu Reykjavíkur- Eigna ohf. og er hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur, og Háskóla Íslands, sem á 0,1% í félaginu.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. *Reikningsskilaaðferðir*

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst í skýringu 15.

### b. *Matsaðferðir*

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði.

### c. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Reikningsskil félagsins eru gerð í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill þess. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### d. *Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða*

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## 3. Laun og launatengd gjöld

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Laun | 1.015 | 1.846 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 117 | 275 |
| Önnur launatengd gjöld | 387 | 172 |
| | 1.519 | 2.292 |

Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í rekstrareikninginn:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld gjaldfærð í rekstrarreikningi | 1.519 | 2.292 |
| | 1.519 | 2.292 |
| Fjöldi ársverka | 0,0 | 0,0 |

Laun og mótframlag í lífeyrissjóð til stjórnar á árinu 2024 námu 1.131 þúsund kr. (2023: 2.838 þúsund kr.).

# Skýringar

## 4. Þóknun endurskoðanda

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar ársuppgjöra | 2.229 | 0 |
| Önnur þjónusta endurskoðanda | 127 | 698 |
| Samtals þóknun endurskoðanda | 2.356 | 698 |

## 5. Tekjuskattur

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| ***Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:*** | | |
| Breyting á frestuðum tekjuskatti | ( 23.510) | ( 75.326) |
| Gjaldfærður tekjuskattur | ( 23.510) | ( 75.326) |

Tekjuskattur að fjárhæð 55,1 millj. kr. er færður til lækkunar á hagnaði af aflagðri starfsemi.

| ***Virkt skatthlutfall greinist þannig:*** | | 2024 | | 2023 |
|---|---|---|---|---|
| Tap ársins fyrir tekjuskatt | | ( 1.326.061) | | ( 451.813) |
| Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli | 21,0% | ( 278.473) | 20,0% | ( 90.363) |
| Áhrif hlutdeildar í afkomu dótturfélaga | -18,2% | 241.255 | -14,6% | 66.149 |
| Áhrif af breyttu skatthlutfalli | -1,0% | 13.261 | 0,0% | |
| Óskattskyldar tekjur | 0,0% | 0 | 10,5% | ( 47.493) |
| Aðrir liðir | 0,0% | 447 | 0,8% | ( 3.620) |
| Virkur tekjuskattur | 1,8% | ( 23.510) | 16,7% | ( 75.326) |

## 6. Aflögð starfsemi

| | 2023 |
|---|---|
| Hagnaður vegna aflagðrar starfsemi | 261.239 |
| Tekjuskattur | ( 55.822) |
| Hagnaður af aflagðri starfsemi að frádregnum tekjuskatti | 205.418 |

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

| **Framleiðslukerfi** | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| **Heildarverð** | | |
| Endurflokkað sem eignir til sölu | 0 | 655.315 |
| Selt á árinu | 0 | ( 655.315) |
| Staða í árslok | 0 | 0 |

# Skýringar

## 8. Óefnislegar eignir

| 31.12.2024 | Einkaleyfi | Þróunar-kostnaður | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Heildarverð** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 0 | 94.844 | 94.844 |
| Viðbætur á árinu | 57.881 | 0 | 57.881 |
| Staða í árslok | 57.881 | 94.844 | 152.725 |
| **Afskriftir** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 0 | 20.206 | 20.206 |
| Afskrifað á árinu | 599 | 6.321 | 6.920 |
| Staða í árslok | 599 | 26.527 | 27.126 |
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 0 | 74.638 | 74.638 |
| Bókfært verð í árslok | 57.282 | 68.317 | 125.599 |

| 31.12.2023 | Þróunar-kostnaður | Samtals |
|---|---|---|
| **Heildarverð** | | |
| Staða í ársbyrjun | 94.844 | 94.844 |
| Endurflokkað sem eignir til sölu | 88.138 | 88.138 |
| Selt á árinu | ( 88.138) | ( 88.138) |
| Staða í árslok | 94.844 | 94.844 |
| **Afskriftir** | | |
| Staða í ársbyrjun | 13.885 | 13.885 |
| Afskrifað á árinu | 6.321 | 6.321 |
| Staða í árslok | 20.206 | 20.206 |
| **Bókfært verð** | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 80.959 | 80.959 |
| Bókfært verð í árslok | 74.638 | 74.638 |

## 9. Eignarhlutar í dótturfélögum

| Dótturfyrirtæki | 31.12.2024 | | 31.12.2023 | |
|---|---|---|---|---|
| | Eignarhluti | Bókfært verð | Eignarhluti | Bókfært verð |
| Carbfix hf. | 99,7% | 0 | 99,7% | 706.315 |
| Carbfix hf. skuldbinding | | 487.226 | | 0 |
| | | 487.226 | | 706.315 |

## 10. Tekjuskattseign

| | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | ( 10.220) | ( 44.087) |
| Reiknaður tekjuskattur ársins | ( 23.510) | ( 75.326) |
| Tekjuskattsáhrif af aflagðri starfsemi | 0 | 55.822 |
| Samsköttun fyrra árs | 15.234 | 53.371 |
| (Tekjuskattseign) -skuldbinding í árslok | ( 18.496) | ( 10.220) |

Tekjuskattseign greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

| | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| Óefnislegar eignir | 7.948 | 5.107 |
| Frestaður gengismunur | ( 161) | 350 |
| Yfirfæranlegt tap | ( 26.283) | ( 15.677) |
| | ( 18.496) | ( 10.220) |

Félagið er samskattað með móðurfélagi sínu.

Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndaðist fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í lok ársins er nýtanlegt sem hér segir:

| | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| Ójafnað skattalegt tap ársins 2024, nýtanlegt til ársins 2034 | 131.413 | 78.384 |
| | 131.413 | 78.384 |

## 11. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur greinast þannig í árslok:

| | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 3.974 | 4.156 |
| | 3.974 | 4.156 |

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig í árslok:

| | | |
|---|---|---|
| Fjármagnstekjuskattur | 579 | 199 |
| Inneign virðisaukaskatts | 5.240 | 2.172 |
| | 5.819 | 2.371 |

## 12. Handbært fé

Handbært fé í árslok samanstendur af bankainnstæðum.

Félagið hefur gert samning við móðurfyrirtæki sitt um ávöxtun á lausu fé án bindingar. Engin staða var við móðurfyrirtækið vegna fjár í ávöxtun í lok ársins 2024 eða ársins 2023.

## 13. Viðskipti við tengda aðila

**Skilgreining tengdra aðila**
Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmenn og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

**Viðskipti við tengda aðila**
Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar | 0 | 5.134 |
| Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar | (16.908) | (12.521) |
| | (16.908) | (7.388) |
| Vaxtagjöld vegna skulda við móðurfyrirtæki | (35.964) | (16.234) |
| | (35.964) | (16.234) |

| | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
|---|---|---|
| **Kröfur á tengd félög** | | |
| Krafa á eignarhaldsfélag, OR Eignir ohf | 74.763 | 59.529 |
| Krafa á dótturfélag, Carbfix hf. | 130.134 | 130.134 |
| | 204.896 | 189.662 |
| **Skuldir við tengd félög** | | |
| Skuld við móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur | 406.691 | 237.210 |
| Skuld við dótturfélag, Carbfix hf | 20.951 | 0 |
| | 427.642 | 237.210 |

Upplýsingar um laun stjórnar má finna í skýringu 3.

Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtaldar.

## 14. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á ársreikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

# Skýringar

## 15. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

### a. *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi og miðar félagið við miðgengi í dagslok skv. Seðlabanka Íslands. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

### b. *Tekjur*

Tekjur eru skráðar þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda og eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

### c. *Óefnislegar eignir*

#### i) Færsla og mat

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna er þróunarkostnaður og einkaleyfi. Óefnislegar eignir eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

#### II) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna frá þeim degi sem þær eru nýtanlegar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Þróunarkostnaður ........................................ | 10 ár |
| Einkaleyfi ........................................ | 16 ár |

## 15. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### d. *Tekjuskattur*

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 21% vegna ársins 2024.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.

### e. *Eignir til sölu*

Félagið flokkar eignir sem eignir til sölu ef bókfært virði þeirra verður endurheimt aðallega með sölu fremur en með áframhaldandi nýtingu. Til að þetta eigi við þarf eignin að vera tiltæk til sölu þegar í stað í núverandi ástandi, einungis með skilyrði um hefðbundin viðskiptakjör sem gilda um slíkar eignir eða eignasamstæður og salan þarf að vera talin mjög líkleg.

Áður en eign er flokkuð til sölu þá er mat á viðkomandi eign uppfært í samræmi við viðeigandi alþjóðlegan reikningsskilastaðal. Því næst eru fastafjármunir til sölu færðir á kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist. Virðisrýrnun sem er til staðar við upphaflega flokkun sem eignir til sölu er færð í rekstrarreikning, jafnvel þó um virðishækkun sé að ræða. Sama á við um hagnað eða tap við síðari virðisbreytingu. Virðishækkun með bakfærslu virðisrýrnunar á síðari tímabilum er takmörkuð þannig að bókfært verð eignar fari ekki yfir það bókfærða virði sem hefði verið ákvarðað ef engin virðisrýrnun hefði verið færð á fyrri árum.